

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka	Eftirlitsmaður	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik eru skráð og ein athugasemd gerð. Frávik varða óvirkan símælíbúnað fyrir ryk og að farið hafi verið 53 sinnum yfir dagleg meðalgildi fyrir HCl á árinu 2015 af mældum dögum. Athugasemdir eru gerðar við að tilkynningar í samræmi við 36. grein reglugerðar um brennslu úrgangs hafi ekki borist til Umhverfisstofnunar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

Niðurstöður síðasta eftirlits

Útblástursmælingar desember 2015 og kvörðun rykmælíbúnaðar

Símælingar síðasta árs – útblástursmörk og viðbrögð ef farið er yfir mörk sbr ákv. 2.21-2.23

Meðhöndlun spilliefna ákvæði 2.6 og 2.7 í starfsleyfi

Skýrslur til eftirlitsaðila ákvæði 2.26

Skoðun í brennslustöð

Í síðasta eftirliti voru engin frávik skráð og engar athugasemdir gerðar. Unnið er skv. úrbótaáætlun vegna ryks í útblæstri sem skráð var sem frávik í fyrra eftirliti ársins 2015. Skv. úrbótaáætlun átti að gera nýja rykmælingu fyrir lok árs 2015 og kvarða símælir fyrir ryk en símælirinn hefur ekki sýnt breytt gildi síðan í september 2011 sem gefur til kynna að hann sé ekki að virka sem skyldi.

Niðurstöður rykmælinga sem gerðar voru í desember sýndu ryk töluvert yfir losunarmörkum eða 79,2 mg/Nm³. Engar breytingar voru þó skráðar í símælingum sem sýna stöðugt gildi í kringum 0,6 mg/Nm³. Ný rykmæling í útblæstri var gerð í mars 2016 og voru niðurstöður þeirrar mælingar rétt við losunarmörk eða 9,55 mg/Nm³. Skv. rekstraraðila olli bilun í síubúnaði því að ryk komst fram hjá síupokum, sú bilun hefur nú verið löguð sem skýrir mismunandi niðurstöður á reglubundnum mælingum í desember 2015 og mars 2016. Athygli vekur að engar breytingar hafa komið fram í símælingum á ryki í þó nokkurn tíma sem hefði líklega geta gefið vísbendingar fyrr um þessa bilun. Telur Umhverfisstofnun ljóst að bilun sé í símæli fyrir ryk. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila var kvörðun rykmælis í gangi sama dag og eftirlit fór fram. Niðurstöður þeirrar kvörðunar hafa ekki borist.

Niðurstöður símælinga sýna að alls var farið 53 sinnum yfir losunarmörk fyrir dagleg meðalgildi HCl í útblæstri á árinu 2015. Skv. reglugerð um brennslu úrgangs eiga dagleg meðalgildi fyrir HCl í útblæstri að vera ávallt undir mörkum starfsleyfis. Í eftirlitinu kom fram sú skýring hjá rekstraraðila að sódinn sem notaður var í hreinsivirkinu í nóvember hefði verið gallaður og rakainnihald hans of hátt sem olli því að mötun hans hefði verið erfið. Sæist þetta m.a. á því að farið var yfir dagleg meðalgildi fyrir HCl 20 sinnum í nóvember sem er mun oft en aðra mánuði. Afhentar voru dagbókarfærslur frá vélstjórum sem sýndu vandræði tengd sódanotkun, einkum í nóvember.

Rætt var um viðbrögð við því þegar farið væri yfir mörk. Minnt var á 36. grein reglugerðar um brennslu úrgangs þar sem fram kemur að ef mælingar sýna að farið hafi verið yfir losunarmörk í andrúmsloft eða í vatn skuli tilkynna það til eftirlitsaðila án tafar. Slíkt verklag hefur ekki verið virkt hjá Kölku og óskar Umhverfisstofnun eftir að fá sendar niðurstöður reglubundinna mælinga um leið og þær berast og niðurstöður símælinga á 3ja mánaða fresti.

Farið var yfir meðhöndlun spilliefna skv. starfsleyfi og þeirri undanþágu sem rekstraraðili hefur. Spurt var um upplýsingar um ástand spilliefnakara þegar þau bærust og hvort Kalka gerði athugasemdir við þau.

Alla jafna er ástand viðunandi og kör lokuð með plastyfirbreiðslu þegar þau koma til Kólku. Farið var yfir breytt fyrirkomulag á fráveitu og ákvæði í drögum að nýju starfsleyfi fyrir stöðina.

Ársskýrsla og skýrsla um grænt bókhald hafa borist frá Kólku. Magntölur úrgangs voru afhentar við eftirlit.

Stutt skoðun var gerð í brennslustöð og á plani þar sem spilliefni eru geymd. Engar athugasemdir voru gerðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði 2.21 um losunarmörk í útblæstri þar sem fram kemur að mæla skuli ryk í útblæstri með samfelldri mælingu.	Ljóst er að símælibúnaður fyrir ryk er óvirkur og hefur verið um þó nokkurt skeið, breytileiki mælinga er nánast engin og hefur ekki verið síðan í september 2011. Síamælingar eru mikilvægur hluti af innra eftirliti og hefði mælir verið virkur hefði líklega verið hægt að sjá bilun í reykheinsivirki sem útskýrir of mikla losun á ryki í nóvember mun fyrr.
ákvæði 2.21 um losunarmörk í útblæstri en samkvæmt þeim skulu dagleg meðalgildi fyrir HCl vera undir 10 mg/m ³	Magn HCl í útblæstri fór yfir þau mörk sem gefin eru upp fyrir dagleg meðalgildi í starfsleyfi skv. síamælingagögnum frá 2015 eða alls 53 sinnum af mældum dögum.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun hefur ekki fengið tilkynningu frá Kólku þegar farið hefur verið yfir losunarmörk í útblæstri en slíkt er skylt skv. 36. grein reglugerðar um brennslu úrgangs. Umhverfisstofnun óskar eftir að niðurstöður reglubundinna mælinga séu sendar um leið og þær berast og niðurstöður síamælinga séu sendar á 3ja mánaða fresti.

ANNAÐ

Botnaska er enn geymd á ómalbikuðu plani á athafnasvæði Kólku. Tillaga um breytt fyrirkomulag hefur borist og eru ákvæði um geymslu botnösku nánar útfærð í drögum að nýju starfsleyfi sem nú liggur fyrir. Flugaska er eins og áður geymd í sérstöku geymsluhúsnæði í Reykjanesbæ. Alls eru komin um 800 tonn í húsið. Líkur á að næsti útflutningur verði á þessu eða næsta ári.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.06.2016



Sigríður Kristjánsdóttir